stíga *so. sb.-1 – grípa*
[steig, stigum, stigið]

– þú steigst á tána á mér!

‡ • stígur, stig, stigi

varla *ao.*

– við höfum varla tíma

‡ • varlega, vara (so), alvara, alvarlegur

(í) kringum *fs./ao. – þf.*

– börnin hlupu í kringum húsið

‡ • kring, kringlóttur » umhverfis « gegnum

hvar *ao.*

– hvar er Papey?

‡ • þar

minning *kvk. – spurning*
[-ar, -ar]

– hann á góðar minningar um afa sinn

‡ • minni, minna, muna

fæ·ða *so. vb.-i – heyra*
[-ddi]

– barnið fæddist um miðnætti

‡ fœða • fæðing

fyll·a *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– viltu fylla glasið af vatni?
– fyllið út eyðublaðið

‡

trú·a *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– ég trúi ekki orði af því sem þú segir!

‡ • trú, fulltrúi; ótrúlegur, ótrúlega

ástand *hk. et. – hús*
[-s]

– hvernig er ástand sjúklingsins?

‡ • standa; aðstaða, afstaða

tré *hk.*
[-s, -]

– Vigdís gróðursetti tré

‡

stól·l *kk. – hestur S*
[-s, -ar]

– það eru fimm stólar við borðið

‡

tækifæri *hk. – hús*
[-s, -]

– þú fékkst tækifæri til að verja þig

‡ • tæki, færi, færa

smá·r *lo. – gulur*
[-, -tt; smærri, smæstur]

– margt smátt gerir eitt stórt

‡ • smáatriði » lítill « stór, mikill

mjúk·ur *lo. – gulur*
[-, -t; mýkri, mýkstur]

– ég vil helst mjúka dýnu

‡

sammála *lo. ób.*

– þau voru að mestu leyti sammála

‡ • saman, mál

handlegg·ur *kk. – dalur J*
[-jar (-s), -ir]

– réttið fram handleggina

‡ handleggr • hönd, leggur